



Fræðslumiðstöð
Reykjavíkur



Tillögur um fyrirkomulag tónlistaruppeldis í grunnskólum Reykjavíkur

**Starfshópur um samhæft
tónlistaruppeldi í grunnskólum**

Október 2003

Starfshópur um samhæft tónlistaruppeldi í grunnskólum

Tillögur
um fyrirkomulag tónlistaruppeldis í
grunnskólum Reykjavíkur



Fræðslumiðstöð
Reykjavíkur

Október 2003

Til fræðsluráðs:

27. október 2003

Hjálögð er skýrsla starfshóps um fyrirkomulag tónlistaruppeldis í grunnskólum Reykjavíkur. Starfshópurinn hefur starfað samkvæmt erindisbréfi dags. 14. apríl 2003

Tilnefning:

Á fundi fræðsluráðs 17. febrúar sl. var samþykkt tillaga um að skipa starfshóp til að móta tillögur um samvinnu og samþættingu tónmenntanáms í grunnskólum Reykjavíkur. Í starfshópnum voru tilnefndar: Steinunn Birna Ragnarsdóttir (tilnefnd af R-lista), Jóhanna María Eyjólfsdóttir (tilnefnd af D-lista), Elfa Lilja Gísladóttir (Félag tónlistarskólakennara), Kristín Valsdóttir (Félag tónmenntakennara), Anna Sigríður Valsdóttir (Skólastjórafélag Reykjavíkur), en Brynhildur Ólafsdóttir tók við sem fulltrúi þeirra frá 3. júní, 2003 og Edda Borg Ólafsdóttir (Samtök tónlistarskóla í Reykjavík). Steinunn Birna Ragnarsdóttir var tilnefnd formaður starfshópsins.

Hlutverk starfshópsins:

Að gera tillögur um fyrirkomulag tónlistaruppeldis í grunnskólum Reykjavíkur og móta tillögur sem stuðla að því að allir nemendur í 1.-8. bekk fái kennslu í tónmennt. Starfshópnum var gert að móta tillögur um samvinnu og samþættingu tónmenntanáms í grunnskólum og forskólakennslu tónlistarskóla með samhæft tónlistaruppeldi í yngstu bekkjum grunnskólans að markmiði. Starfshópnum var einnig gert að taka afstöðu til þess hvort ástæða er til að gera tilraun með ákveðið fyrirkomulag í tiltekinn tíma t.d. í 1-2 grunnskólum í samráði við Menntamálaráðuneytið.

Starfstímabil:

14. apríl 2003 – 27. október 2003

Starfsmaður og ritari starfshópsins:

Atli Guðlaugsson

Vinnutilhögun starfshópsins:

Starfshópurinn hóf störf þann 22. apríl 2003 og hélt alls 18 fundi. Þar af var einn opinn fundur með tónmenntakennurum í sal Fræðslumiðstöðvar þann 27. ágúst 2003 þar sem kynnt voru störf starfshópsins og unnið í 5 hópum að mótun hugmynda um framtíðarsýn tónmenntakennslunnar. Starfshópurinn fór í skólaheimsóknir í alla grunnskóla Reykjavíkur og kynnti sér stöðu mála og gerði skipulega könnun á stöðu tónmenntakennslunnar. Niðurstöður könnunarinnar fylgja skýrslunni.

Steinunn Birna Ragnarsdóttir, formaður

INNGANGUR:

Vandi tónmenntakennslunnar í Grunnskólum Reykjavíkur á sér langan aðdraganda. Ástæðurnar eru margþættar. Ein meginástæðan er skortur á tónmenntakennurum í kennslu. Það útskrifast ekki nægilega margir tónmenntakennarar ár hvert til að manna stéttina og þeir tónmenntakennarar sem hafa lokið námi eru margir í öðrum störfum.

Ástæðurnar má einnig rekja til óhagstæðra kjarasamninga og kennsluálags. Þessu er nauðsynlegt að breyta ef til eiga að koma varanlegar og viðunandi lausnir. Í Aðalnámsskrá grunnskóla er skýrt kveðið á að nemendur eigi rétt á námi í tónmennt í 1.-8. bekk og gert ráð fyrir því að hver nemandi fái tvær kennslustundir í tónmennt á viku, en á þessu hefur verið misbrestur í mörgum tilfellum. Þar kemur margt til og á kennaraskortur þar án efa stærstan þátt. Einnig hefur sjálfstæði skólanna verið aukið og er það undir skólastjórum komið hvernig og hvort reynt er að uppfylla þessa ótvíræðu kennsluskyldu í tónmennt. Auk þess reynist kennurum erfitt að fylgja aðalnámsskrá þar sem ekki er tryggt í viðmiðunarstundaskrá Aðalnámsskrár grunnskóla að fjöldi kennslustunda sé í samræmi við væntingar aðalnámsskrár.

Mikilvægt er að brugðist verði við vanda tónmenntakennslunnar í grunnskólunum, Tónmenntanámi hefur ekki aðeins mikið gildi fyrir almennt uppeldi barna, líðan þeirra og sköpunargleði heldur einnig bein áhrif á það hvort þau hefja nám í tónlistarskólum og læra að umgangast og meta tónlist. Það er oft í tengslum við tónmenntakennsluna og fyrir hvatningu tónmenntakennarans að börn hefja nám í tónlistarskólunum. Þetta hefur því víðtæk áhrif og brýnt að áttak verði gert til úrbóta.

Mikilvægt er að ráðast að rótum vandans og búa þannig að starfsskilyrðum tónmenntakennara að það verði þeim hvatning til að snúa aftur að kennslunni. Þar verður að hafa í huga að tónmenntakennari sinnir oft öðrum störfum með kennslunni s.s. kórstjórn, umsjón samsöngs og alls kyns verkefnum. Nauðsynlegt er að þessi störf verði talin hluti vinnuframlags tónmenntakennara og að skipting vinnuframlags þeirra verði endurskoðuð í heild. Slíkar breytingar hefðu það að öllum líkindum í för með sér að tónmenntakennurum við þessi störf myndi fjölga, sem er forsenda þess að hægt verði að finna viðunandi lausn þessarra mála.

Starfshópur sem hefur haft þessi málefni til umfjöllunar frá því á vordögum hefur m.a. fengið til sín gesti sem hafa miðlað upplýsingum hvert á sínu sviði. Einnig hefur hann haldið opinn fund með tónmenntakennurum þar sem leitað var leiða til lausnar. Þá hefur hópurinn farið í skólaheimsóknir í alla grunnskóla borgarinnar til að kanna stöðu tónmenntar og kynna sér aðstæður á hverjum stað.

Í þessari skýrslu leggur starfshópurinn fram tillögur sínar til úrlausnar og hugmyndir um framtíðarsýn tónmenntakennslunnar og tónlistaruppeldis í grunnskólum Reykjavíkur.

f.h. hópsins

Steinunn Birna Ragnarsdóttir

Tillögur um fyrirkomulag
tónlistaruppeldis í
grunnskólum Reykjavíkur

- 1) Borginni verði skipt í samstarfssvæði í tónlistaruppeldi (tónmennt, tónlistarskólanám og skólahljómsveitir) þar sem stuðst er við hverfaskiptingu borgarinnar, nema í Grafarvogi sem skipt yrði í tvennt. Samstarfshópur verði starfræktur í hverju hverfi sem í sitja tónmenntakennarar grunnskólanna, fulltrúi tónlistarskóla, skólahljómsveita og annarra sem standa fyrir tónlistarstarfi í hverfinu.

Greinargerð: Þetta fyrirkomulag myndi auka samstarf tónmenntakennara og koma í veg fyrir einangrun þeirra í starfi. Það myndi einnig auðvelda samstarf grunnskóla við tónlistarskóla hverfisins. Ávinningurinn yrði margþættur og má þar nefna að tónmenntakennarar fengju faglegan stuðning af samstarfi við aðra kennara og sæktu fagfundi sem yrðu hluti af kennsluskyldu þeirra. Þannig myndi samstarf grunnskóla við tónlistarskólana aukast og nemendur þyrftu t.d. ekki að endurtaka forskóla þegar þeir hefja nám við tónlistarskóla ef það er sameiginlegt mat tónmenntakennara og tónlistarskólans að nemandinn geti hafið hljóðfæranám án forskóla. Markmið forskólakennslunnar í tónlistarskólum og tónmenntakennslunnar eru um margt ólík en sums staðar er þetta nám samt mjög sambærilegt og má rekja ástæðurnar til þess að hver tónmenntakennari mótar námið mikið persónulega á hverjum stað m.a. vegna skorts á samþættu námsefni. Þessi skipting samstarfssvæða hvetur til sveigjanleika, þar sem hvert hverfi getur haft sinn hátt á samstarfi tónlistaruppeldis og hægt verður að nota fyrirmyndir að svipuðu fyrirkomulagi sem gefist hafa vel í minni sveitarfélögum, þótt vissulega sé þar hægara um vik þar sem tónlistarskólar eru venjulega reknir af sveitarfélaginu sjálfu. Hópurinn er sammála um að samvinna á milli grunnskóla og tónlistarskóla sé mjög æskileg án þess að um eiginlega samþættingu sé að ræða. Hjálögð með skýrslunni er tillaga að skiptingu borgarinnar í þessi samstarfssvæði.

- 2) Búið verði þannig að starfsskilyrðum tónmenntakennara að það verði þeim hvatning til að snúa aftur til starfa.

Greinargerð: Frá því á árinu 1988 hafa 137 tónmenntakennarar útskrifast. Þar af eru 73 útskrifaðir frá Tónlistarskólanum í Reykjavík og 64 frá KHÍ. Nú eru u.þ.b 52 þeirra við störf sem er 37 % þeirra sem hafa lokið námi á þessu tímabili. Það eru því 63 % þeirra við önnur störf. Nauðsynlegt er að endurskoða skiptingu stunda í kennsluskyldu tónmenntakennara og minnka vinnuálag þeirra. Einnig er mikilvægt að kennt verði í minni hópum í 1.-3. bekk og sé þá t.d. kennt í hálfum hópum ef bekkir eru stærri en 20 börn og fái hver nemandi 2 tíma þ.e. einn í hálfum bekk og annan í heilum bekk þar sem áhersla væri lögð á söng. Auka verður samstarf við aðra tónmenntakennara og við aðra kennara grunnskólans t.d. með þátttöku umsjónarkennara í starfi tónmenntakennara og skipulagningu sameiginlegra verkefna.

- 3) Fræðslumiðstöð taki upp upplýsinga og eftirlitshlutverk með námi í tónmennt. Hlutverkið verði vel skilgreint svo að það geti orðið virkur þáttur í uppbyggingu og framvindu þessa náms.

Greinargerð: Menntamálaráðuneytið hefur haft þetta eftirlitshlutverk með höndum, en nauðsynlegt er að það verði einnig fyrir hendi á vegum FMR. Nauðsynlegt er að FMR fylgist náið með framvindu tónmenntakennslunnar. Árlegar heimsóknir í skólana myndu gefa góða mynd af stöðunni, skapa aðhald og hvatningu og stuðla að uppbyggingu námsins. Æskilegt væri að FMR og Menntamálaráðuneytið hefðu samstarf um framkvæmd og skilgreiningu þessa hlutverks.

- 4) Tryggt verði í viðmiðunarstundaskrá aðalnámsskrár grunnskóla að samræmi sé milli kennslustunda í tónmennt og viðmið Aðalnámsskrár.

Greinargerð: Í viðmiðunarstundaskrá aðalnámsskrár er gert ráð fyrir að nemendur í 1.-8. bekk fái 4 kennslustundir á viku í list- og verkgreinum. Aðalnámsskrá gerir ráð fyrir tveimur kennslustundum á viku í tónmennt. Þarna er misræmi sem verður að leiðrétta og tryggja að kennslustundafjöldi sé í samræmi við væntingar Aðalnámsskrár. Mælst er til þess að FMR fari þess á leit við Menntamálaráðuneytið að tilgreindur verði sérstaklega tímafjöldi fyrir tónmennt í stað þess að tilgreina aðeins heildarfjölda kennslustunda í list- og verkgreinum án sundurliðunar eins og nú er gert. Þetta myndi styrkja stöðu tónmenntar og tryggja nemendum þann tímafjölda sem Aðalnámsskrá gerir ráð fyrir.

- 5) Starfshópurinn og FMR beina þeirri eindregnu áskorun til Menntamálaráðuneytis og viðkomandi menntastofnanna (KHÍ, LHÍ, TR) að hraðað verði markvissu átaki til að koma kennaramenntun tónlistarkennara í viðunandi horf, bæði fyrir tónmenntakennara í grunnskólum og hljóðfærakennara í tónlistarskólum. Mikilvægt er að samráð um slíkt átak verði haft við samtök kennara og skólastjóra (KÍ, FT, TKÍ, STS)

Greinargerð: Eins og fram hefur komið á kennaraskortur án efa stærstan þátt í því hvernig komið er. Tónlistarskólinn í Reykjavík hefur útskrifað fjölmarga tónlistarkennara á undanförunum áratugum, en með tilkomu Listaháskólans voru kennaradeildir skólans lagðar niður. Afleiðingin er sú að kennaraskorturinn verður sífellt meiri engir hljóðfærakennarar munu útskrifast á næstu árum nema gripið verði til aðgerða nú þegar. Grunnskólakennarar með tónmennt á kjörsviði útskrifast frá KHÍ, en þeir kennarar sem útskrifast þaðan og taka að sér störf við tónmenntakennslu eru ekki nógu margir til að mæta þörfinni. Það er því mjög mikilvægt fyrir framhald tónlistaruppeldis að tónmennta- og tónlistarkennaranámi verði komið á hvort sem það verður tekið upp á ný við Tónlistarskólann í Reykjavík í samstarfi við KHÍ, eða við LHÍ í samstarfi við KHÍ. Starfshópurinn leggur til að borgin beiti sér fyrir því að haldið verði málþing um þessi mál í samvinnu við Menntamálaráðuneytið, fagfélög og ofangreinda skóla með lausn þessarra mála að markmiði.

- 6) Gert verði markvisst átak á vegum Námsgagnastofnunar með nægjanlegum fjárveitingum og mannafla til þess að samið verði og gefið út lögbundið námsefni til skyldu- og valnáms í tónmennt fyrir alla aldursflokka samkvæmt markmiðum aðalnámsskrár grunnskóla. Mikilvægt er að slíkt átak verði gert í samvinnu við starfandi tónmenntakennara og með þátttöku þeirra.

Greinargerð:

Lítið hefur gerst í þessum málum sl. 20 ár. Námsefni er til fyrir 2.-4. bekk, en er ekki að öllu leyti í samræmi við námsskrá. Námsefni vantar fyrir 1. bekk og 6.-9. bekk. Einnig vantar vinnubækur, kennsluleiðbeiningar og meira efni í tengslum við skapandi starf. Starfshópurinn leggur til að komið verði upp hugmyndabanka fyrir kennara og Þróunarsjóður grunnskóla efldur með fjárveitingu til námsefnis í tónmennt svo að tónmenntakennarar geti sótt um úr sjóðnum við gerð nýs námsefnis.

- 7) Komið verði á kórastarfi í grunnskólum undir stjórn tónmenntakennara og starfið skilgreint sem hluti af kennsluskyldu.

Greinargerð:

Kórastarf er fyrir hendi í nokkrum skólum nú þegar, en er ekki alls staðar skilgreint hluti af kennsluskyldu tónmenntakennara. Það myndi efla mjög tónlistarlíf grunnskólanna að kórar væru starfandi og æskilegast að það væri hluti af kennsluskyldu tónmenntakennara.

Framtíðarsýn tónlistaruppeldis í Reykjavík:

Tónmennt: Það er hverju barni hollt að læra að umgangast tónlist og njóta hennar. Að læra undirstöðuatriðin í tungumáli tónlistarinnar og tileinka sér hana sem hluta af daglegu lífi sínu. Söngur og tónlistariðkun eykur lífsgleði og virkjar sköpunarkraft nemenda. Það er brýnt að lögboðnu námi í tónmennt verði framfylgt í öllum grunnskólum og að það sé kennt af menntuðum kennurum í tónlist. Nám í tónmenntakennslu er talsvert sérhæft og nauðsynlegt að það sé fyrir hendi í því mæli sem þarf til að útskrifa nægilega marga kennara til að manna þessi störf. Grasrótastarf tónlistar í grunnskólum hefur mikið uppeldislegt gildi og nauðsynlegt að koma þar á miklu meira samstarfi á milli einstakra þátta tónlistaruppeldisins s.s. tónmenntar, almenns skapandi starfs í skólunum, skólahljómsveitum, skólakórurum o.fl. Þetta yrði auðveldara að framkvæma með minni samstarfseiningum í tónlistaruppeldi sbr. það sem hópurinn hefur lagt til. Þetta er tvímælalaust brýnasta verkefnið sem þarf að ráðast í að koma á réttan kjöl.

Tónlistarskólanám: Það er vel hugsanlegt að einhver samstarfssvæði kjósi samstarf við tónlistarskóla hverfisins t.d. um forskólakennslu þótt ekki verði séð að það þjóni tilgangi að gera slíka tilraun nú þar sem aðstæður eru ólíkar í hverju hverfi. Þó að slík tilraun skilaði jákvæðum árangri í einu hverfi er ekki þar með sagt að það gildi fyrir önnur. Tónlistarskólanám er í eðli sínu dýrt þar sem það fer fram í einkatímum hjá vel menntuðum kennurum. Það tónlistarskólanám sem við höfum haft er eitt það besta sem þekktist og hefur verið byggt upp á nokkrum mannsöldrum af alúð og dugnaði góðra tónlistarmanna. Það er því mjög mikilvægt að þeim árangri sé ekki fórnað. Rannsóknir sýna enn fremur að börnum í tónlistarnámi gengur betur í almennu námi og þau neyta síður áfengis og fíkniefna. Hafa þarf í huga að í þeim löndum þar sem fylgt hefur verið þeirri stefnu að fleiri njóti tónlistarnáms á kostnað gæða þess eða tímalengdar á nemanda hefur það ekki gefist vel og komið niður á náminu og þar með gæðum tónlistarlífsins í heild. Það er því afar mikilvægt að tónlistarskólanám sé ávallt með faglegum formerkjum og á ábyrgð tónlistarskólanna, þótt um samstarf við grunnskóla sé að ræða.

Skólahljómsveitir: Mikilvægt er að starfsemi skólahljómsveita sé staðsett í öllum grunnskólunum. Eins og nú er er mismunur vegna búsetu fyrir hendi og hana mætti koma í veg fyrir með því að starfrækja þær einhverju leyti í öllum skólum. Til þess þyrfti líklega að fjölga hljómsveitunum eða endurskipuleggja starfið og auka starf þeirra hljómsveita sem fyrir eru. Skólahljómsveitir auðga mikið skólalífið þar sem þær eru starfandi og brýnt að tónlistarstarf sé starfrækt í öllum skólum hvort sem um hljómsveitir eða skólakóra er að ræða. Einnig er nauðsynlegt að setja reglur um þetta nám og ákveða hvert fyrirkomulagið á að vera.

Reykjavík 27. október 2003

Steinunn Birna Ragnarsdóttir

Jóhanna María Eyjólfsdóttir

Elfa Lilja Gísladóttir

Kristín Valsdóttir

Brynhildur Ólafsdóttir

Edda Borg Ólafsdóttir